

Samp

Málefnaþópur um fjölmiðla

SAMANTEKT

Málefnaþópur um fjölmiðla á landsfundi Kvennalistsans 14. – 16. nóvember lýsir áhyggjum sínum af rýrum hlut kvenna í íslenskum fjölmiðlum.

Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á þjóðfélagið og er vald þeirra vandmeðfarið. Því teljum við nauðsynlegt að efnistöð og starfsmannastefna fjölmiðla endurspegli þjóðfélagið í heild, en ekki aðeins hluta þess.

Við viljum leita leiða til þess að breyta staðlaðri ímynd kvenna í fjölmiðlum, þannig að konur séu ekki njörvaðar niður í ákveðin hlutverk. Við teljum nauðsynlegt að efnisval, áherslur og fréttaval fjölmiðla endurspegli þá staðreynd, að konur eru rúmur helmingur þjóðarinnar. Þess vegna viljum við jafna hlut kynjanna innan fjölmiðlanna og gera konum kleift að gegna þar áhrifastöðum, ekki síður en körlum.

Til að ná þessum markmiðum viljum við bæta inn í útvarpslög almennum ákvæðum um að gæta beri jafnréttis í starfsmannstefnu og efnisvali allra ljósvakamiðla. Að auki gerum við sérstaka kröfu til Ríkisútvarpsins, fjölmiðils allra landsmanna, hvað varðar jafnan hlut kynjanna. Því skorum við á menntamálaráðherra að sjá til þess að Ríkisútvarpið geri jafnréttisáætlun eins og öllum ríkisstofnunum er skylt að gera.